

Alþingi
Erindi nr. P.122/1928
komudagur 20.4.1998

Reykjavík 31.03.1998.

Hr. Dómsmálaráðherra,
Þorsteinn Pálsson,
Dómsmálaráðuneytinu Arnarhváli,
150 - Reykjavík.

Hr. Dómsmálaráðherra,

Undirritaður vill leyfa sér að vekja athygli yðar á eftirfarandi atriðum, er varða framkvæmd eftirlits með vínveitingahúsum, sérstaklega í Reykjavík fjöldans vegna.

Tekið skal fram, að ekki er verið að gera lítið úr starfi eftirlitsmanna á landsbyggðinni.

Er þetta gert með hliðsjón af framlögðu frumvarpi til áfengislaga (Þskj. 813 – 478. mál), er nú liggur fyrir Alþingi Íslendinga.

Benda verður á, að starf sérstakra eftirlitsmanna með vínveitingahúsum er mjög sérhæft og verður ekki kennt, heldur öðlast þekking og vitneskja í áralöngu starfi.

Ekki er hægt að ætlast til þess að Lögreglustjórinn í Reykjavík geti bætt á Lögreglumönnum starfi fjögurra eftirlitsmanna með vínveitingahúsum, þegar ekki er hægt að sinna í dag öllum þeim almennu útköllum sem í dag koma upp.

Slíkt ástand skapast á virkum dögum. Hvað þá um helgar þegar allir skemmtistaðir borgarinnar eru opnir, og lögreglan er með tvöfaldan mannafla á vakt. Þrátt fyrir þessar ráðstafanir er ekki hægt að manna þær lögreglubífiðir sem þörf er á.

Nú stendur fyrir dyrum að færa eftirlit með vínveitingahúsum alfarið til þeirra lögreglumanna er ganga vaktir. Eftirlitsmenn hafa ekki verið taldir ganga vaktir þó þeirra vinnutími sé næstum allur eftir kl.22.00 til kl.02.00 eða eftir atvikum til kl.04.00 eða lengur.

Ekki ganga eftirlitsmenn um veitingahús einkennisklæddir, hvað verður er lögreglumenn fara að koma til slíkra starfa í sínum einkennisfatnaði? Einkennisklæddir menn er koma inn á veitingastað slá alltaf á stemmingu/andrúmsloft sem þar er til staðar og getur valdið óþægindum fyrir veitingamann og starfsmenn hans, svo og einnig myndað ómeðvitaða andúð viðstaddra fyrir lögreglu almennt.

Þess ber að gæta að starf víneftirlitsmanna er mjög sérhæft, má þar til nefna að í gangi eru margar tegundir áfengismæla og ber því miður mikið á því að sumir þessara mæla er ekki hægt að löggilda.

Veitingamönnum eru seldir þessir mælar og leita þeir mjög oft ráða eftirlitsmönnum vínveitingahúsa um hvað þeir geti gert.

Starf eftirlitsmanna vínveitingahúsa er í dag mjög leiðbeinandi og fræðandi fyrir veitingamenn og liður ekki sú vakt að veitingamenn hafa tal af eftirlitsmönnum til þess að fá leiðbeiningar um hvað megi betur fara og hvað megi bæta.

Samvinna eftirlitsmanna og veitingamanna er í dag allt önnur en hún var áður fyrr.

Eftirlitsmenn vínveitingahúsa veita veitingamönnum og starfsmönnum þeirra upplýsingar um allar breytingar hvað varðar lög og reglugerðir og rétta framkvæmd.

Oft hafa veitingamenn samband við eftirlitsmenn og spyrja ráða um hin ýmsu mál er snerta rekstur húsa, kvenær berst sé að opna og hvenær að loka með tilliti til árstíma ekki, en klukku eða reglugerða. Er hér um mjög góða samvinnu aðila að ræða.

Benda má á þá breytingu er, er varð, er eftirlitsmaður byrjaði að heimsækja öll veitingahús með því hugarfari að innheimta eftirlitsgjöld, leyfisgjöld og líkur þeim viðskiptum ávallt með þeim orðum þakka þér fyrir komuna og láttu sjá þig sem oftast.

Þegar komið er að því að leyfi veitingahúsa eru að renna úr gildi fá veitingamenn send bréf þess efnis að komið sé að endurnýjun leyfa.

Færst hefur í vöxt að veitingamenn fái umsóknareyðublöð afhent af eftirlitsmönnum og er það því sparnaður í tíma og fyrirhöfn fyrir viðkomandi veitingamann.

Eigandaskipti eru mjög mikil meðal veitingamanna og koma því til þess að leiðbeina þurfi nýjum mönnum aftur og aftur um þennan skóg að leyfum sem þeim er gert að sækja um til þess að rekstur þeirra sé löglegur því það er vilji allra þessara manna að hafa öll leyfi í réttu lagi.

Undanfarin ár hafa veitingamenn verið rukkaðir fyrir laun eftirlitsmanna og var innheimta þessi í ólestri þar til einn tiltekinn eftirlitsmaður tók að sér þessa innheimtu, skýrði fyrir veitingamönnum hvaða gjald væri hér á ferð, eftir hverju það færi og hvernig stæði á því að gjald væri mismikið á hús.

Eftir þessa breytingu hafa orðið mikil stakkaskipti á þessari innheimtu og hefur ríkisendurskoðun list ánægju með þessa breytingu sem varð á þessum lið og stöðu útgefna leyfa hjá embætti Lögreglustjórans í Reykjavík. Leyfi sem þar eru nú gefin út eru sótt þegar af veitingamönnum og greidd, eða eftirlitsmaður fer með leyfin til viðkomandi veitingamanns og hann greiðir fyrir leyfin þegar í stað.

Betra samskipta- og samvinnukerfi er illfinnanlegt.

Það starf eftirlitsmanna vínveitingahúsa að fylgjast með gangi skóladansleikja er stór liður í forvarnarstarfi og hafa kennarar sem og annað starfsfólk þeirra vínveitingahúsa sem slíkir dansleikir eru haldnir mikil og góð samskipti við eftirlitsmenn vínveitingahúsa og er það stór liður í forvörnum. Oft hafa stjórnir nemendafélaga tal af eftirlitsmönnum með spurningar um gang dansleikja og hvað betur megi fara.

Enn á ný vill undirritaður taka skýrt fram að starf sérskipaðra véneftirlitsmanna er mjög sérhæft og því ekki á færi hvers sem er að sinna slíku starfi.

Aðeins er tvennt sem betur þarf að skoða í frumvarpi til áfengislaga, er nú liggur fyrir Alþingi.

- 1.0. það er að halda inni störfum ráðherraskipaðra eftirlitsmanna, þar sem ráðherra er þeirra æðsti yfirmaður.
- 2.0. Útgáfa leyfa verði áfram í höndum viðkomandi sýslumanns og/eða lög-
reglustjóra því það er jú þeirra að hafa eftirlit með rekstri ef til þess kemur að svipta veitingamenn leyfum sé um alvarleg brot á lögum að ræða.

Með ósk um að skoða málið með jákvæðu hugarfari því ekki er vert að vera alfaríð á mótum lagabreytingum því það er framtíðin sem kemur til með að vera aðal dómari í þessu sem og öðru.

Virðingarfyllst.



Jón Sigurðsson
eftirlitsmaður

Sími 564 1946 og 892 4746.